



MOSFELLSBÆR  
VIRBING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

## Minnisblað til fræðslunefndar Mosfellsbæjar

**Viðtakandi:** Fræðslunefnd Mosfellsbæjar

**Efni:** Minnisblað starfsmanns

**Dags:** 18. janúar 2023

**Málsnúmer:** 202301334/-

**Sendandi:** Gunnhildur María Sæmundsdóttir og Magnea Steinunn Ingimundardóttir

### Tillaga:

Framkvæmdarstjóra fræðslu- og frístundasviðs verði falið að gera úttekt á núgildandi fyrirkomulagi á skóla- og frístundaakstri í samráði við hagaðila. Úttektin taki mið af því hvernig sambærileg þjónusta er í þeim sveitarfélögum sem Mosfellsbær getur borið sig saman við auk þess að safna upplýsingum um notkun þjónustunnar. Úttektin feli einnig í sér tillögur að breytingum, bendi niðurstöðurnar til þess að breytinga sé þörf. Úttektin tekur ekki til aksturs á skólatíma innan stundartöflu né skólaaksturs fatlaðra barna.

Markmiðið með vinnunni er að nútímavæða þá akstursþjónustu sem Mosfellsbær veitir börnum og ungmennum með hagkvæmni, lýðheilsu og umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

### Greinagerð:

#### Skólaakstur

Skólaakstur hefur tíðkast í Mosfellsbæ frá því áður en almenningasamgöngur hófust innan bæjar í Mosfellsbæ. Áður fyrr var einungis vagn frá miðbæ Mosfellsbæjar til Reykjavíkur einu sinn á dag og öll börn gengu í sama skólann. Með tilkomu fleiri grunnskóla og aukinna almennings samgangna, hefur dregið úr akstri til og frá skóla þar sem börn sækja skóla í göngufæri frá sínu heimili. Jafnframt má geta þess að göngustígar og öruggar gönguleiðir ss. undirgöng og brúm yfir stofnæðar hefur fjölgað til muna.

Núgildandi reglur um skólaakstur voru upphaflega settar miðað við ofangreindar forsendur þó þær hafi vissulega tekið breytingum í takt við breytingar á hverfaskiptingum og uppbygginu svæða. Mikil aukning hefur orðið í þjónustu Strætó BS hvað varðar innanbæjar þjónustu og má þar nefna að leið 15 gengur á 15 mínútna fresti utan skólatíma. Leið 7 hefur bæst við og gengur í Leirvogstungu og Helgafellshverfi og öll börn upp að 7. bekk fá frítt í Strætó.

Ljóst er að miðað við breyttar forsendur er ástæða til að rýna í fyrirkomulag skólaaksturs og reglur þar að lútandi. Við endurskoðun á fyrirkomulagi þarf að hafa til hliðsjónar sjónamið lýðheilsu, umhverfismála og nýtingu fjármagns.



## Frístundaakstur

Mosfellsbær hefur staðið fyrir frístundaakstri fyrir grunnskólabörn, þeim að kostnaðarlausu í þónokkur ár. Ekið er frá frístundaseljum að íþróttahúsinu að Varmá og Lágafelli eftir að skóla lýkur á daginn. Á haustmánuðum 2022 var tekið fyrir erindi Sammos í fræðslunefnd um að bæta við heimferð þ.e.a.s. að ekið yrði eftir æfingu út í hverfin á sama stað og börnin voru sótt.

## Til upplýsinga

Misjafnt er hvernig sambærilegum akstri er fyrirkomíð á höfuðborgarsvæðinu. Skólaakstur til og frá skóla tíðkast almennt ekki í bæjarfélögunum nema akstur í sérskóla vegna fatlaðra barna og ef hverfi eru víðfeðm sbr. Árbær en þá er stuðst við almenningssamgöngur með þeim hætti að nemendur frá strætó kort. Frístundaakstur er í langflestum tilfellum á vegum íþróttafélaga eða notast er við almenningssamgöngur/strætó og þá gjarnan í fylgd með starfsmanni íþróttafélaganna. Í svo til öllum tilfellum greiða foreldrar fyrir frístundaakstur.

Virðingarfyllst,

Linda Udengaard

Framkvæmdarstjóri Fræðslu- og frístundasviðs